

**Nd. 425. Frumvarp til stjórnarskipunarlags**

um breyting á stjórnarskrá konungsríkisins Íslands 18. maí 1920 og stjórnarskipunarlögum nr. 22 24. marz 1934.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

26. grein stjórnarskrárinnar hljóði þannig:

Á Alþingi eiga sæti allt að 52 þjóðkjörnir þingmenn, kosnir leynilegum kosningum, þar af

- a. 8 þingmenn í Reykjavík. Kosning þeirra er hlutbundin. Jafnmargir varamenn skulu kosnir samtímis og á sama hátt.
- b. 6 þingmenn í þessum kaupstöðum, einn fyrir hvern kaupstað: Hafnarfirði, Ísafirði, Siglufirði, Akureyri, Seyðisfirði og Vestmannaeyjum.
- c. 27 þingmenn í þeim einmennings- og tvímenningskjördæmum, sem nú eru, öðrum en kaupstöðum. Skal kosning vera hlutbundin í tvímenningskjördæmum og jafnmargir varamenn kosnir samtímis og á sama hátt.

Deyi þingmaður, kosinn í einmenningskjördæmi, eða fari frá á kjörtímamum, þá skal kjósa þingmann í hans stað fyrir það, sem eftir er kjörtímans.

- d. Allt að 11 þingmenn til jöfnunar milli þingflokka, svo að hver þeirra hafi þingsæti í sem fyllstu samræmi við atkvæðatölu sína við almennar kosningar. Heimilt er flokkum að hafa landslista í kjöri við almennar kosningar, enda greiði þá kjósendur atkvæði annaðhvort frambjóðanda í kjördæmi eða landslista. Frambjóðendur þess flokks, sem landslista hefur í kjöri og nær jöfnunarþingsæti, taka sæti eftir þeirri röð, sem þeir eru í á listanum að lokinni kosningu. Skal að minnsta kosti annað hvert sæti tíu efstu manna á landslista skipað frambjóðendum flokksins í kjördæmum utan Reykjavíkur. Að öðru leyti fer um skipun jöfnunarþingsæta eftir kosningalögum. Jafnmargir varamenn skulu kosnir jöfnunarþingsætum, samtímis og á sama hátt. Þingmenn skulu kosnir til 4 ára.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

3. gr.

**Ákvæði um stundarsakir.**

Almennar kosningar til Alþingis skulu fara fram, þegar stjórnarskipunarlög þessi öðlast gildi, og falla umboð þingmanna niður á kjördegi.